

**Nd.**

**194. Frumvarp**

til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1914 og 1915 veitast 89,250 kr. 61 e. til gjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast 600 kr.:  
Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... .. kr. 600,00

3. gr.

Sem viðbót við 11. gr. fjárlaganna (dómgæsla o. fl.) veitast 729 kr. 16 a.:  
Við A. 1. a. Til þess að gegna embætti yfirdómara Jóns Jenssonar kr. 729,16.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. (læknaskipun) veitast 22,084 kr. 71 e.:

Við 11.	Tillag til heilsuhælisins á Vífilsstöðum ... ..	kr.	20,000,00
— 12.	Til aðgerðar á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík ... ..	—	1,400,00
	Til Ljósstofnunar Finsens í Khöfn fyrir lækningu á islenskum dreng .. .. .	—	684,71
			<u>Kr. 22,084,71</u>

5. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 13. gr. (samgöngumál) veitast 51,774 kr. 87 a.:

Við A.	3. f.	Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna vegna verðhækkunar á efni, af völdum Norðurálfríðarins .. .. .	kr.	1500,00	
Við B.	I.	1. c.	Viðbót við skrifstofukostnað ... .. .	—	13,04
Við -	II.	Til að byggja stöpul undir brú yfir Rauðalæk <sup>2</sup> / <sub>3</sub> hlutar kostnaðar ... .. .	—	449,56	
— -	III.	Til að byggja járnbanda steinsteypubrú yfir Langá í Mýrasýslu gegn <sup>1</sup> / <sub>3</sub> frá hlutaðeigandi hjeraði, alt að .. .. .	—	3,000,00	
— -	XIII.	Til akvegar frá Kláffossbrú að Reykholti <sup>1</sup> / <sub>3</sub> kostnaðar, alt að ... .. .	—	1,000,00	
— -	D.	Til ýmsra endurbóta ... .. .	—	28,712,27	
— -	E.	Til Grimseyjarvita ... .. .	—	17,100,00	
				<u>Kr. 51,774,87</u>	

6. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 14. gr. (kirkju- og kenslumál) veitast 2,700 kr.

Við A.	Til sira Jóh. L. L. Jóhannssonar: til baðstofubyggingar á Kvennabrekku. ... .. .	kr.	600,00	
— B.	I a.	Laun háskólakennara .. .. .	—	2,100,00
			<u>Kr. 2,700,00</u>	

7. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 15. gr. fjárlaganna veitast 4,000 kr.

Á eftir 23. lið komi nýr liður:

Til þess að flytja listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli heim til Íslands og geyma þau þar ... .. .	kr.	4,000,00
---	-----	----------

8. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 16. gr. (verkleg fyrirtæki) veitast 1,180 kr. 76 a.:

Nýr liður.	Til Fossvallasmjörbús ... .. .	kr.	380,76
— —	Til »Hins íslenska prentarafjelags« til að standast kostnað við sendingu manns á prentlistarsýningu í Leipzig 1914. ... .. .	—	800,00
			<u>Kr. 1,180,76</u>

9. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 19. gr. (Óviss útgjöld) veitast 6,181 kr. 11 a.:

Kostnaður við fánanefnd. ... .. .	kr.	6,181,11
-----------------------------------	-----	----------

Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.

Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.